



# Námsgögn skólaárið 2017 - 2018

## Upplýsingar til foreldra nemenda í Kópavogsskóla

### Samþykkt bæjarstjórnar 13. júní 2017

„Menntaráð fagnar frumkvæði grunnskóla í Kópavogi að lækka ritfangakostnað fjölskyldna vegna skólagöngu barna. Það er velferðarmál að dregið sé úr kostnaði við skólagöngu barna eins og unnt er og vel sé hlúð að börnum og fjölskyldum þeirra.

Menntaráð áréttar bókun skólanefndar á fundi dags. 3. október 2016 varðandi lækkun ritfangakostnaðar og mælir með að bæjarstjórn samþykki tillögu þess efnis að grunnskólarnir fari í aðgerðir við að lækka ritfangakostnað. Í þeim tilgangi verði hvatt til þess að grunnskólarnir skipuleggi m.a. sameiginleg innkaup í samstarfi við foreldra. Miðað verði við að kostnaður vegna hvers nemanda verði ekki hærri en 4000 kr. á næsta skólaári 2017 -2018.“

### Könnun í Kópavogsskóla

Kópavogsskóli gerði könnun á vilja foreldra til að skólinn sjái um námsgagnakaup fyrir nemendur. Könnunin var send í netpósti til foreldra í 1. - 7. bekk. 176 svör bárust þar sem fram kemur að langflestir eru hlyntir því (eða sama hvort) að skólinn sjái um námsgagnakaup fyrir nemendur eða allt frá 84% - 100% foreldra í árgangi.

## Niðurstaða

Skólinn í samstarfi við foreldrafélag skólans mun sjá um kaup á námsgögnum fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Um er að ræða magnkaup skólans á stílabókum, reiknisbókum, skýrslublöðum, möppum og lausblöðum. Foreldrar greiða **2500 kr.** fyrir barn sitt í 8. – 10. bekk og verður nánar greint frá því hvernig þeirri greiðslu verður háttað. Nemendur fá þessi námsgögn eftir þörfum yfir veturinn.

Nemendur á unglingastigi **sjá sjálfir um** að hafa með sér allt sem þarf í pennaveski ásamt **vasareikni** (helst Casio fx-350) og **heyrnatólum** í töskunni.

Í pennaveski þarf að vera:

- Blýantur
- Strokleður
- Reglustika
- Gráðubogi
- Hringfari
- Tússpennar (rauður og grænn 0,2 mm)
- Yfirstrikunarpenni
- Skæri
- Límstifti
- Trélitir
- Tippex mús

Hafið það gott í sumar

Skólastjórnendur